



Akraneskaupstaður

Hér með gera annars vegar Akraneskaupstaður (hér eftir nefnd AK), kt. 410169-4449, og hins vegar hestamannafélagið Dreyri (hér eftir nefnt DR), kt. 450382-0359, með sér eftirfarandi yfirlýsingu/samkomulag vegna:

Uppbyggingar reiðskemmu við Æðarodda

1. gr.

Það mannvirki (reiðskemma) sem fjallað er um í yfirlýsingu/samkomulagi þessu er alls 1.125 m² samkvæmt meðfylgjandi uppdráttum og byggingarlýsingu frá fyrirtækini Límtré Vírnet hf dagsettu 13.11.2017.

Reiðskemman er á einni hæð og ætlað til iðkunar hestaíþróttu, þ.e. þjálfunar, kennslu og keppni.

Ennfremur mun Akraneskaupstaður án endurgjalds nýta hana til skipulags frístundastarfs, annarra viðburða er tengjast AK, starfsemi á vegum aðildarfélaga í A og ýmissa félagssamtaka.

Jafnframt er möguleg útleiga á reiðskemmuni til einstaklinga og fyrirtækja en um slíkar beiðnir er fjallað í samstarfsteymi um úthlutun.

Gert er ráð fyrir að DR standi reglulega, a.m.k einu sinni á ári, fyrir viðburðum þar sem bæjarbúar Akraneskaupstaðar fá tækifæri til að kynnast hestamennsku.


2. gr.

Framlag AK verður eingöngu fólgíð í að fjármagna uppbyggingu á reiðskemmuni í gegnum Fasteignafélag Akraneskaupstaðar slf. sem er í 100% eigu Akraneskaupstaðar. Hámarksframlag AK samkvæmt samkomulagi þessu skal aldrei vera meira en kr. 60.659.791, sbr. kostnaðaráætlun dagsetta 30.04. 2018.

Upphæð tekur til þess að fyrir liggur samþykki Hvalfjarðarsveitar um styrk til verkefnisins til Hestamannafélagsins Dreyra að fjárhæð kr 10.000.000 og lækkar framlag AK til samræmis því.

Ef hluti uppbyggingar verður með verðbótum munu þessar upphæðir ekki breytast m.t.t. þess.

Aðilar eru sammála að húsnæðið verði frá upphafi að fullu og óskipt í eigu Fasteignafélags Akraneskaupstaðar slf.



S. R. K.



Akraneskaupstaður

3. gr.

DR samþykkir að ef kostnaðarhlutdeild Akraneskaupstaðar vegna reiðskemmunnar fer fram yfir framangreind mörk, þ.e. kr. 60.659.791 skal DR greiða þann umframkostnað án þess að hljóta eignarhlut í húsnæðinu. Ástæða þessa eru hagsmunir DR að fá reista reiðskemmu á svæðinu, sem að öðrum kosti yrði væntanlega annars ekki að framkvæmd.

Aðilar eru einnig sammála um í því sambandi að eðlilegt sé að DR komi að þessu samfélagsverkefni með beinum fjárhagslegum hætti í formi styrkjar vegna framkvæmdarinnar.

DR samþykkir því að greiða Akraneskaupstað fjárhæð sem skal miðast við sannanlegan kostnað AK við teikningar, umsjón, hönnun, byggingastjórnun, jarðvinnu, reisingu undirstaða, lagnir og lýsingur, frágangur innan- og utanhúss. Áætlaður kostnaður vegna þessara liða er kr. 26.660.000 sbr. kostnaðaráætlun dagsetta 30.04. 2018.

Þessi styrkur DR er án nokkurs fjárhagslegs andlags fyrir þá þátttöku.

Í því tilfelli að Akraneskaupstaður hafi sannanlega lagt til meiri fjármuni í heildar verkefnið en fyrrnefndar kr. 60.659.791 ber DR að endurgreiða AK mismuninn verðbættan á næstu tíu árum frá því að uppbyggingu reiðskemmu lauk.

4.

Akraneskaupstaður mun veita DR árlegan styrk sem nemur kr. 4.112.196 á ári. Styrkur þessi skuldajafnast á móti hluta leigu DR hvers árs vegna húsnæðisins, samkvæmt leigusamningi.

5. gr.

Ef útboð vegna uppbyggingar reiðskemmunar fara yfir þær væntingar sem gerðar eru um heildarkostnað við verkið sbr. 2 og 3 gr. getur Akraneskaupstaður eða DR afturkallað verkið eða frestað því um óákveðinn tíma.

Ennfremur er gerður fyrirvari á á samkomulaginu m.t.t. þess að skipulagsferli er eftir til að hægt sé að veita heimild fyrir uppbyggingu á reiðskemmu við Æðarodda.

*AA
SKR*



Akraneskaupstaður

6. gr.

Rísi ágreiningur út af samkomulagi þessu þá skal fara með hann fyrir héraðsdóm Vesturlands.

Akranesi, 1. maí 2018

F.h. Akraneskaupstaðar,
með fyrirvara um samþykki bæjarráðs
og bæjarstjórnar.

F.h. hestamannafélagsins Dreyra

Sævar Freyr Þráinsson,
bæjarstjóri

Ása Hólmarsdóttir,
formaður

Vottar að réttri undirritun og dagsetningu:

Mariella Steinsd.

Jón Á.



30.4.2018

Fylgiskjal með samningum um uppbyggingu reiðskemmu

Kostnaðaráætlun reiðskemma Æðarodda

Verkþættir	Akranes	Dreyri
Teikningar		1.860.000
Opinber gjöld (gatnag.gjöld)	19.427.791	1.860.000
Byggingastjórnun/umsjón		9.300.000
Jarðvinnna	5.332.000	
Undirstöður		3.100.000
Reising undirstaða		
Burðarvirki	37.200.000	
Reising burðarvirkis	8.700.000	
Lagnir og lýsing		4.960.000
Frágangur innanhúss		3.100.000
Frágangur utanhhúss		2.480.000
Samtals	70.659.791	26.660.000

Til frádráttar framlag Hvalfjarðarsveitar 10.000.000

Samtals framlag er því	60.659.791	26.660.000
-------------------------------	-------------------	-------------------

Heildarkostnaður 97.319.791

Kostnaðarskipting:

Hlutur Akraneskaupstaðar	62,33%
Hlutur Hvalfjarðarsveitar	10,28%
Hlutur Dreyra	27,39%

Eignarhlutur í reiðskemmu:

Akraneskaupstaður 100%

Skýring:

Kostnaðaráætlun skv. upplýsingum frá Hestamannafélaginu
Dreyra.

Öll verð með VSK, utan gatnagerðargjalds.

SFP

AA